

Sæll Magnús

Við í Víðistaðaskóla höfum rætt um skýrsluna um breyttar áherslur í stoðþjónustu og varðandi að leggja niður sérdeildir.

Við erum ekki á því að þetta muni vera góð ráðstöfun fyrir okkar skólastarf.

Við teljum að það sé nauðsynlegt að geta leitað í fleiri úrræði utan skólans þar sem góð sérþekking er til staðar og starf hefur fengið að þróast.

Það er bæði mikilvægt að geta leitað með börn í sérúrræði þar sem sérþekking er til staðar og eins er oft gott að börn hafi tækifæri til að breyta um umhverfi í sérstökum tilvikum.

Við teljum að ef skólinn ætti að vera með alla þjónustu þyrftum við fagaðila með margskonar sérþekkingu sem gæti verið erfitt að fá fyrir hvern skóla og eins þarf að þróa samstarf þessara aðila. Húsnæðið hjá okkur er þar að auki ekki nægt fyrir slíka starfsaðstöðu eins og staðan er í dag. Læt þessa umsögn duga.

Með kærri kveðju

*Arönn Bergþórsdóttir*

*Skólastjóri Víðistaðaskóla*

*sími 5955800 gsm 6645890*